



Skaftárhreppur

Efnisyfirlit

Ávarp oddvita	2
Starfsemin á árinu	4
Yfirlit um skiptingu rekstrartekna og –gjalda 2000	8
Yfirlit um skiptingu heildartekna og –gjalda 2000	9
Nokkrar lykiltölur	10
Fjárhagsáætlun 2001	12
Ársreikningur 2000	14
Áritanir	14
Fjármagnsyfirlit	15
Rekstrar- og framkvæmdayfirlit	16
Efnahagsreikningur	18
Raunbreyting á peningalegri stöðu	19
Lykiltölur	20
Skýringar	21
Nefndir, ráð og stjórnir	28
Starfsmenn Skaftárhrepps	30

ÁVARP ODDVITA

Ágætu íbúar Skaftárbrepps!

Í eftirfarandi ársskýrslu Skaftárbrepps fyrir árið 2000 er leitast við að gera sem gleggsta grein fyrir starfsemi sveitarfélagsins á árinu. Auk ársreiknings fyrir árið 2000 eru birtar lykiltölur úr fyrri ársreikningum og gerð grein fyrir helstu framtíðaráformum.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2000 einkenndist af aðhaldi bæði í rekstri og fjárfestingum. Eftir umtalsverða fjárfestingu liðinna ára, einkum í íbúðarhúsnæði og sorporkustöð, ákvað sveitarstjórn að halda tímabundið að sér höndum og skapa þannig forsendur fyrir þeim fjárfestingum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum. Ljóst er að þessi áform gengu vel eftir. Skuldir sveitasjóðs jukust ekki að marki á árinu 2000, en tekið var lán upp á 5,5 milljónir vegna byggingar félagslegra íbúða, sem eru sérgreindar í bókhaldi sveitarfélagsins. Annað árið í röð hefur tekist að lækka hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum og er það hlutfall nú 76%, sem telst mjög gott. Lausafjárstaða sveitasjóðs í árslok 2000 var betri en mörg undanfarin ár. Þessi árangur er algjör forsenda fyrir því uppbyggingarátaki, sem sveitarstjórn áformar að ráðast í á næstu árum.

Helstu fjárfestingar árið 2000 voru lúkning á byggingu félagslegra íbúða við Skaftárvelli, áframhaldandi endurbætur á sundlaug og ýmiss konar viðhald mannvirkja, sem verður sívaxandi liður með ári hverju.

Af öðrum verkefnum liðins árs má nefna að áfram var haldið vinnu við átaksverkefni í atvinnu- og byggðaðpróun í samstarfi við Mýrdalshrepp og Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands. Hafin var starfræksla á gámvelli á Klaustri þar sem gert er ráð fyrir flokkun sorps. Þar með hófst jafnframt reglulegur brottflutningur á málmum til endurvinnslu, en eftir er að fjarlægja það sem safnast hefur á undanförunum árum. Er það fyrirhugað á árinu 2001. Hafin var vinna við gerð aðalskipulags fyrir allt sveitarfélagið og er fyrirhugað að ljúka því starfi árið 2002.

Nokkur ár eru síðan umræða um byggingu íþróttahúss á Klaustri fór af stað og sveitarstjórn sótti fyrst um framlag til hönnunar mannvirkja. Vegna knýjandi þarfar fyrir aukið íbúðarhúsnæði hefur þessum áformum verið frestað ár frá ári, enda óhjákvæmilegt að forgangsraða stórverkefnum í ekki stærra sveitarfélagi. Sótt var um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ljúka hönnun íþróttahúss og hefja framkvæmdir. Jöfnunarsjóður hefur samþykkt 7 milljón kr. framlag til verksins á árinu 2001 og gera má ráð fyrir áþekktum framlögum næstu ár, en sjóðurinn greiðir allt að 40% af kostnaði. Áformað er að tengja íþróttahússbygginguna byggingu varanlegrar kyndistöðvar fyrir sorp og nýta orku frá stöðinni til upphitunar íþróttahússins. Með tilkomu stöðvarinnar munu brennsluafköst meira en tvöfaldast frá því sem nú er. Samhliða aukinni brennslugetu mun flokkuðu heimilissorpi verða safnað úr öllu sveitarfélaginu.

Undanfarin misseri hefur sveitarstjórn unnið að því að fá samþykki stjórnvalda til að ráðast í byggingu lokaáfangna Klausturhóla, sem er hin eiginlega hjúkrunarálma. Framkvæmdasjóður aldraðra veitti einnar milljón króna framlag til forhönnunar hússins og var þeirri vinnu lokið seinni hluta ársins 2000. Sveitarstjórn sótti aftur um framlag til sjóðsins fyrir árið 2001 til að ljúka hönnun og að hefja framkvæmdir. Fyrir liggur að sjóðurinn hefur samþykkt 12 milljón króna framlag til verksins á árinu 2001. Jafnframt liggur fyrir samþykki Velunnarsjóðs um stuðning við uppbyggingarverkefnið.

Á meðan ofangreindar framkvæmdir ganga yfir verður sveitarfélagið að halda að sér höndum í annarri fjárfestingu og herða enn róðurinn um aðhald í rekstri. Sveitarstjórn er einhuga um þessi áform og væntir samstöðu íbúanna um verkefnið.

Fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps færi ég öllu starfsfólki og fulltrúum í stjórnnum og nefndum bestu þakkir fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Sveitarstjórn þakkar íbúum samstarfið á árinu og hvetur til samstöðu um sókn til aukinnar velferðar íbúa Skaftárhrepps á nýrri öld.

Kirkjubæjarklaustri í apríl 2001.

Árni Jón Eliasson oddviti.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Yfirstjórn

Sveitarstjórn Skaftárhrepps hélt 15 bókaða fundi á árinu 2000. Eins og jafnan voru mörg og fjölbreytt mál til umfjöllunar á fundum sveitarstjórnarinnar. Á fundum sveitarstjórna er fjallað um mál sem snúa að rekstri sveitarfélagsins og þeim verkefnum sem sveitarfélaginu er skylt að sinna samkvæmt lögum og reglugerðum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og lögin heimila sveitarfélögunum jafnframt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Verkefni sveitarfélaga hafa á síðustu árum orðið sífellt yfirgripsmeiri og flóknari og því hafa ábyrgð og skyldur hreppsnefndarmanna aukist mjög hin síðari ár. Sveitarstjórnarmenn verða því að leggja á sig aukna vinnu til þess að sinna þessu vandasama verkefni, sem í flestum tilvikum er innt af hendi í frítíma viðkomandi frá fullu starfi.

Í sveitarstjórn Skaftárhrepps sitja þetta kjörtímabil:

- Árni Jón Elíasson
- Jóna Sigurbjartsdóttir
- Ólafía Jakobsdóttir
- Ragnar Jónsson
- Kjartan Magnússon
- Sveinbjörg Pálsdóttir
- Hörður Davíðsson

Á fundi sveitarstjórnar í júní 2000 var Árni Jón Elíasson endurkjörinn oddviti til eins árs og Jóna Sigurbjartsdóttir varaoddviti til sama tíma. Ritari sveitarstjórnar er Ólafía Jakobsdóttir. Fundargerðir nefndarinnar eru færðar í tölvu, samkvæmt heimild í sveitarstjórnarlögum.

Sveitarstjóri Skaftárhrepps er Ólafía Jakobsdóttir og starfsmaður á skrifstofu hreppsins er Elín Pálsdóttir. Sólveig Pálsdóttir lét af störfum á skrifstofu hreppsins í marslok. Sigurlaugur Gíslason starfaði við sumarafleysingar á skrifstofunni.

Á árinu gerði sveitarstjórnin samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps, en í sveitarstjórnarlögum er kveðið á um að sveitarstjórnir skuli setja sér slíkar samþykktir. Í þessum samþykktum eru m.a. ákvæði um verkefni hreppsnefndar, réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna og skipan nefnda og stjórna. Félagsmálaráðuneytið hefur staðfest samþykktina og er hún nr. 624/2001.

Félagsþjónusta

Félagsmálanefnd Skaftárhrepps, starfar samkvæmt lögum um félagsþjónustu og fer auk þess með öldrunarmál. Nokkrum heimilum í sveitarfélaginu var veitt heimþjónusta samkvæmt reglum sveitarfélagsins þar um.

Á árinu voru greiddar húsaleigubætur til 12 aðila. Eingöngu var um að ræða greiðslur til nemenda sem stunda framhaldsskólanám utan sveitarfélagsins og uppfylla skilyrði til bótaréttar. Ríkissjóður endurgreiddi sveitarfélögum 58% af kostnaði og sá Jöfnunarsjóður um endurgreiðslurnar. Félagsmálanefnd hafði umsjón með greiðslu húsaleigubótanna.

Jóna Björg Vilbergsdóttir leikskólastjóri lét af störfum 1. ágúst 2000 eftir eins árs starf. Þórunn Júlíusdóttir leikskólakennari, fyrrverandi leikskólastjóri við Kærabæ, var ráðin til starfa í stað Jónu Bjargar. Starfsemi Kærabæjar, sem er 20 barna leikskóli, var að öðru leyti með líkum hætti og verið hefur.

Tekin var í notkun seinni íbúðin í parhúsinu að Skaftárvöllum 1 sem hafin var bygging á í apríl 1999. Við það rættist nokkuð úr viðvarandi skorti á leiguhúsnaði á Kirkjubæjarklaustri.

Fræðslu- og uppeldismál

Fræðslu- og uppeldismál eru lang viðamesti málaflokkurinn sem sveitarfélagið annast. Til reksturs málaflokksins árið 2000 var varið um 46% af skatttekjum ársins og ekki er mikið svigrúm til hagræðingar eða lækkunar kostnaðar í þessum

verkefnum.

Kirkjubæjarskóli: Hanna Hjartardóttir skólastjóri lét af starfi við Kirkjubæjarskóla eftir margra ára farsæl störf við kennslu og skólastjórnun. Við starfi hennar tók Valgerður Guðjónsdóttir kennari sem starfað hafði við kennslu í Vestmannaeyjum. Ekki tókst að ráða réttindakennara í allar stöður skólaárið 2000-2001 en ráðnir voru til starfa leiðbeinendur sem ýmist eru með starfsreynslu eða stunda fjarnám við Kennaraháskóla Íslands. Nemendur voru 96 á skólaárinu 2000 – 2001. Skipulag skólaaksturs var óbreytt á árinu.

Tónlistarskólinn: Edit Subicz frá Ungverjalandi var ráðin stundakennari við Tónlistarskóla Skaftárhrepps en að öðru leyti var starfsemin óbreytt á árinu. Nemendur á haustönn voru 30 og er það aðeins aukning frá fyrra ári.

Vinnuskólinn: Starfsemi vinnuskóla Skaftárhrepps var með líkum hætti og áður. Leiðbeinandi og verkstjóri var Helgi Hilmarsson. Nemendur voru að meðaltali 5 til 6 í senn. Aðalverkefni vinnuskólans sem fyrr var sláttur og snyrting umhverfis og einnig tóku nemendur þátt í landgræðslustörfum á vegum Landgræðslu ríkisins. Starfsemi vinnuskólans er mikilvægur þáttur í að halda þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri snyrtilegu og nauðsynlegt skref fyrir unga fólkið á leið út á vinnumarkaðinn.

Meningarmál

Árlegir Kammertónleikar á Kirkjubæjarklaustri voru haldnir í ágústmánuði 2000.

Aðsókn að tónleikunum var góð og er þessi tónlistarviðburður búinn að vinna sér fastan sess í íslensku menningarlífi. Menningarmálanefnd Skaftárhrepps hefur umsjón með tónleikahaldinu en Edda Erlendsdóttir er listrænn stjórnandi þeirra frá upphafi.

Héraðsbókasafnið: Starfsemi Héraðsbókasafnsins jókst nokkuð á árinu. Opnunartími þess var lengdur og tækjabúnaður endurbættur og aukin. Héraðsbókasafnið er einnig skólasafn og veitir grunnskólanum nauðsynlega þjónustu.

Íþrótt- og æskulýðsmál

Á fundi sveitarstjórnar þann 27. nóvember 2000 var skipuð þriggja manna byggingarnefnd íþróttahúss á Kirkjubæjarklaustri. Hlutverk nefndarinnar var að taka við störfum undirbúningsnefndar og ljúka hönnun hússins, ásamt áföstu húsi fyrir kyndistöð og einnig að gera tillögur að skipulagi lóðar í kringum húsið. Í byggingarnefnd eiga sæti Sveinbjörg Pálsdóttir formaður, Árni Jón Eliásson og Jóna Sigurbjartsdóttir. Bygging aðstöðuhúss við íþróttavöllinn á Kleifum þokaðist áfram og vonandi tekst að ljúka húsinu að mestu á næsta ári.

Brunamál og almannavarnir

Bættur var tækjabúnaður slökkviliðsins með kaupum á notuðum GMC pallabíl frá slökkviliði Mýrdalshrepps. Í framhaldi af því var Mazda pallabíll seldur. Í slökkviliði Skaftárhrepps eru auk slökkviliðsstjóra skráðir 15 menn. Slökkviliðsstjóri sinnir ýmsum forvarna- og öryggismálum á sviði brunavarna í sveitarfélaginu enda að mörgu að hyggja í þeim efnum. Frekar rólegt var yfir starfi almannavarnarnefndar á árinu 2000. Suðurlandsskjálftarnir í júní fundust greinilega á svæðinu en ollu ekki tjóni svo vitað sé.

Hreinlætismál

Nokkur reynsla er nú komin á rekstur Sorporkustöðvar Skaftárhrepps sem hóf starfsemi á vordögum 1999 að fengnu starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins. Ljóst er orðið að núverandi brennsluofn annar ekki að brenna öllu tilfallandi sorpi í hreppnum. Hafin er því undirbúningur að stækkun sorporkustöðvarinnar með byggingu á

kyndistöðvarhúsi og kaupum á nýjum brennsluofni. Afköst stöðvarinnar munu þá aukast um meira en helming frá því sem nú er.

Í apríl 2000 heimsótti Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra Skaftárhrepp og undirritaði samþykkt sveitarstjórnar um sorphirðu í Skaftárhreppi. Að mati umhverfisráðuneytisins er samþykkt Skaftárhrepps til fyrirmyndar hvað varðar ákvæði um flokkun og endurvinnslu sorps og jarðgerð á lífrænum úrgangi.

Markmið Skaftárhrepps um að allt sorp verði flokkað þar sem það fellur til á heimilum, hjá fyrirtækjum og stofnunum er í samræmi við stefnumótun umhverfisráðuneytisins í þessum málaflokki.

Skipulags- og byggingamál Starfsemi við byggingareftirlit, skráningu fasteigna og skipulagsmál var óbreytt á árinu. Byggingarfulltrúi og starfsmaður bygginganefndar og skipulagsnefndar var Benedikt Lárusson húsasmíðameistari. Einnig vann Sveinn Pálsson verkfræðingur í Vík að ýmsum tæknilegum verkefnum fyrir Skaftárhrepp.

Á árinu 2000 hófst vinna við gerð aðalskipulags í Skaftárhreppi, samkvæmt tímasettri verk- og kostnaðaráætlun sem samþykkt var af Skipulagsstofnun. Stefnt er að því að aðalskipulaginu verði lokið á fyrri hluta ársins 2002. Ráðgjafi Skaftárhrepps í skipulagsmálum er Yngvi Þór Loftsson landslagsarkitekt hjá Landmótun ehf.

Fegurri sveitir og Staðardagskrá 21 Sveitarstjórn samþykkti í ágúst 2000 að hefja þátttöku í verkefninu fegurri sveitum. Um er að ræða verkefni á vegum landbúnaðarráðuneytisins og er það fólgið í því að hvetja til, samstillta og jafnvel skipuleggja allhliða tiltekt og fegurin í sveitum.

Skaftárhreppur var áfram þátttakandi í Staðardagskrá 21. Sigurborg Kr. Hannesdóttir umhverfisfræðingur var fengin til að veita ráðgjöf við framhald verkefnisins. Í framhaldi af því samþykkti sveitarstjórn að beina áframhaldandi vinnu við SD 21 inn í stefnumótunarverkefni á vegum byggðapróunarverkefnis Vestur- Skaftafellssýslu.

Atvinnumál Byggðastofnun veitti Skaftárhreppi styrk að upphæð 2,0 millj. kr. til uppbyggingar atvinnulífs í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkti á fundi 28. desember að verja þessu fjármagni til kaupa á hlutafé í Eldvilja ehf. á Kirkjubæjarklaustri. Eldvilji ehf. er eigandi að húsnaði Kirkjubæjarstofu og í undirbúningi er frekari uppbygging á vinnuástöðu fyrir áframhaldandi þróun á starfsemi tengdri Kirkjubæjarstofu.

Fjallskil: Fyrirkomulag fjallskila, hvað varðar akstur við smölum á kostnað sveitarsjóðs, var endurskoðað haustið 2000. Aksturskostnaður sveitarsjóðs var skilgreindur, í hverri fjallskiladeild fyrir sig, og umfram kostnaði deilt niður á fjáreigendur. Fjórar fjallskilaneindir eru starfandi í Skaftárhreppi, ein í hverri fjallskiladeild. Samkvæmt erindisbréfi sjá nefndirnar um álagningu fjallskila og framkvæmd á fjallsöfnum. Nefndirnar sjá einnig um að láta meta framvindu gróðurs með tilliti til upprekstartíma á afrétti að vori og önnur verkefni samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Byggðapróunarverkefni Vestur Skaftafellssýslu: Árni Jón Elíasson oddviti tók sæti sem fulltrúi Skaftárhrepps í stjórn verkefnisins vegna brottflutnings Hönnu Hjartardóttur.

Undirbúið var stefnumótunarverkefni með þátttöku Skaftárhrepps og Mýrdalshrepps, þar sem móta á heildarstefnu þessara sveitarfélaga í atvinnu- umhverfis- og félagsmálum. Verkefnistjóri byggðapróunarverkefnisins var áfram Sædis Íva Elíasdóttir rekstrarfræðingur og mun hún einnig sjá um stefnumótunarvinnuna.


Framtíð Skaftárhrepps Árið 2000 var að mörgu leyti hagstætt í rekstri sveitarfélagsins. Fækkun íbúa á seinnihluta ársins er þó nokkuð áhyggjuefni. Þau markmið sem sett voru fram í

fjárhagsáætlun 2000 um aðhald og sparnað í útgjöldum sveitarsjóðs gengu að mestu eftir og einnig jukust skatttekjur meira en áætlað hafði verið. Það er því nokkur ástæða til bjartsýni varðandi möguleika á að hrinda í framkvæmd nýjum verkefnum s.s. byggingu íþróttahússins.

Ferðapjónusta í sveitarfélaginu fer vaxandi og virðist hún nú vera einn helsti vaxtarbroddurinn í atvinnumálum Skaftárhrepps.

Ákvörðun um stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2002 styður við ferðapjónustuna á svæðinu og er því nauðsynlegt að taka þátt í þeirri uppbyggingu í Skaftárhreppi og nýta með því þær miklu náttúruauðlindir Skaftárhrepps sem felast í víðáttu aftréttanna og ósnortinni náttúru þeirra.

Íbúapróun síðustu ára



YFIRLIT UM SKIPTINGU REKSTRARTEKNA OG -GJALDA 2000

SKATTTEKJUR:

Útsvör	62.843.117	48,53%
Fasteignaskattar	16.284.913	12,58%
Jöfnunarsjóður	50.373.888	38,90%
	129.501.918	100,00%

MÁLAFLOKKAR:

Yfirstjórn sveitarfélagsins	13.370.679	10,32%
Félagsþjónusta	8.908.196	6,88%
Heilbrigðismál	456.606	0,35%
Fræðslumál	57.407.576	44,33%
Menningarmál	2.530.418	1,95%
Æskulýðs- og íþróttamál	1.622.993	1,25%
Brunamál og almannavarnir	135.004	0,10%
Hreinlætismál	3.719.642	2,87%
Skipulags- og byggingarmál	1.169.788	0,90%
Götur, holræsi og umferðarmál	1.882.173	1,45%
Almenningsgarðar og útivist	797.169	0,62%
Atvinnumál	3.728.300	2,88%
Önnur mál	1.476.979	1,14%
Rekstur fasteigna	1.074.620	0,83%
Áhaldahús	33.842	0,03%
Félagslegar íbúðir	(783.225)	-0,60%
	97.530.760	75,31%
	129.501.918	100,00%

FJÁRMAGNSLIÐIR:

Vextir samkvæmt fjármagnsyfirliti	4.836.911	3,74%
Áfallnar verðbætur	3.098.763	2,39%
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga	(1.943.689)	-1,50%
	103.522.745	79,94%
	129.501.918	100,00%

MISMUNUR TEKNA OG GJALDA	25.979.173	20,06%
	129.501.918	100,00%
	129.501.918	100,00%


YFIRLIT UM SKIPTINGU HEILDARTEKNA OG – GJALDA 2000

(REKSTUR, GJALDFÆRÐ FJÁRFESTING OG EIGNFÆRÐ FJÁRFESTING, NETTÓ)


	Gjöld	%	Tekjur	%
SKATTTEKJUR:				
Útsvör			62.843.117	48,53%
Fasteignaskattar			16.284.913	12,58%
Jöfnunarsjóður			50.373.888	38,90%
			129.501.918	100,00%
MÁLAFLOKKAR:				
Yfirstjórn sveitarfélagsins	13.490.491	10,42%		
Félagsþjónusta	9.404.190	7,26%		
Heilbrigðismál	456.606	0,35%		
Fræðslumál	59.480.177	45,93%		
Menningarmál	3.995.040	3,08%		
Æskulýðs- og íþróttamál	3.263.428	2,52%		
Brunamál og almannavarnir	752.699	0,58%		
Hreinlætismál	5.172.029	3,99%		
Skipulags- og byggingarmál	2.269.076	1,75%		
Götur, holræsi og umferðarmál	4.246.949	3,28%		
Almenningsgarðar og útivist	797.169	0,62%		
Atvinnumál	2.768.312	2,14%		
Önnur mál	1.476.979	1,14%		
Rekstur fasteigna	1.631.608	1,26%		
Áhaldahús	33.842	0,03%		
Félagslegar íbúðir	2.458.472	1,90%		
	111.697.067	86,25%	129.501.918	100,00%
FJÁRMAGNSLIÐIR:				
Vextir samkvæmt fjármagnsyfirliti	4.836.911	3,74%		
Áfallnar verðbætur	3.098.763	2,39%		
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga	(1.943.689)	-1,50%		
	117.689.052	90,88%	129.501.918	100,00%
GREIDSLUJÖFNUÐUR	15.811.662	12,21%		
LÁNA- OG EIGNAHREYFINGAR, NETTÓ	(3.998.796)	-3,09%		
	129.501.918	100,00%	129.501.918	100,00%

NOKKRAR LYKILTÖLUR


Skuldir í hlutfalli af skatttekjum




Peningaleg staða í hlutfalli af skatttekjum




Rekstur mála-flokka án vaxta í hlutfalli af skatttekjum




Skuldir í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2000



Peningaleg staða í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2000



Skatttekjur í þús. kr. á hvern íbúa á árslokaverðlagi 2000



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2001

Fjárhagsáætlun ársins 2001 var samþykkt á fundum hreppnefndar 15. janúar og 26. janúar 2001.

Samkvæmt fjárhagsáætlun aðalsjóðs Skaftárhrepps fyrir árið 2001 eru áætlaðar skatttekjur 135,3 millj. kr. Rekstur málaflokka er áætlaður 105,9 millj. kr. Gjaldfærð fjárfesting er áætluð 14,4 millj. kr. Eignfærð fjárfesting er áætluð 39,8 millj. kr. Ný langtímalán eru áætluð 20,0 millj. kr.

Helstu eignfærðar fjárfestingar á árinu 2001 eru vegna byggingar íþróttahúss og kyndistöðvarhúss á Kirkjubæjarklaustri. Einnig er gert ráð fyrir undirbúningi að byggingu hjúkrunardeildar Klausturhóla og lúkningu á íþróttavallarhúsinu. Helstu gjaldfærðar fjárfestingar á árinu 2001 eru málning og utanhússviðgerð á Kirkjubæjarskóla.

ÁÆTLAÐ FJÁRMAGNSYFIRLIT 2001 Í ÞÚS. KR.

SKATTTEKJUR	<u>135.347</u>
REKSTUR MÁLAFLOKKA:	
Almenn rekstrargjöld	145.351
Tekjur málaflokka	(39.441)
	<u>105.910</u>
Skatttekjur að frádregnum rekstri málaflokka	29.437
VEXTIR AF HREINU VELTUFÉ:	
Vextir af veltufjármunum	756
Vextir af skammtímaskuldum	(750)
Skatttekjur að frádregnum rekstri málaflokka og vöxtum af hreinu veltufé	<u>29.443</u>
GREIÐSLUBYRÐI LÁNA:	
Afborgun langtímalána	5.356
Vextir af langtímalánum	3.152
Afborgun af verðbréfaeign	(136)
Greiðslubyrði lána nettó	<u>8.372</u>
Óráðstafað eftir greiðslur vegna lána	<u>21.071</u>
FJÁRFESTING:	
Gjaldfærð fjárfesting, nettó.....	14.455
Eignfærð fjárfesting, nettó	<u>39.878</u>
Fjárfesting samtals	<u>54.333</u>
Ráðstafað umfram tekjur ársins	(33.262)
AÐRIR LIÐIR:	
Tekin langtímalán.....	20.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímalána	299
Breyting á næsta árs afborgun langtímakrafna	(136)
Lífeyrisskuldbindingar, breyting	52
Félagslegar íbúðir, breyting.....	<u>4.234</u>
	<u>24.449</u>
LÆKKUN Á HREINU VELTUFÉ	<u>(8.813)</u>
BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:	
Hreint veltufé í árslok	11.426
Hreint veltufé í ársbyrjun	<u>20.239</u>
Breyting á árinu	(8.813)

ÁÆTLAÐ REKSTRAR OG FRAMKVÆMDAYFIRLIT 2001 Í ÞÚS. KR.

	Rekstur		Gjaldfærð fjárfesting		Eignfærð fjárfesting		Samtals	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Skatttekjur								
Útsvar		71.830						71.830
Fasteignaskattur		9.800						9.800
Jöfnunarsjóður		53.717						53.717
Samtals skatttekjur		135.347						135.347
Rekstur málaflokka								
Yfirstjórn	16.140	1.200	500	0			16.640	1.200
Félagþjónusta	13.344	3.510	862	12.000	12.000		26.206	15.510
Heilbrigðismál	546	0	0	0			546	0
Fræðslumál	80.656	18.275	8.161	0			88.817	18.275
Menningarmál	3.648	1.150	1.000	0			4.648	1.150
Æskulýðs og íþóttamál	2.593	270	3.100	7.300	17.500		23.193	7.570
Brunamál og almannavarnir	1.359	1.000	1.000	0	0		2.359	1.000
Hreinlætismál	7.558	4.160	13.230	0	10.000		30.788	4.160
Skipulags og byggingarmál	2.163	850	2.570	800			4.733	1.650
Götur og holræsi	1.310	480	2.000	400			3.310	880
Almenningsgarðar og útivist	830	0	50	0			880	0
Atvinnumál	9.651	5.063	382	0	378		10.411	5.063
Önnur mál	884	0	1.500	750			2.384	750
Rekstur fasteigna	3.706	2.283	1.150	0			4.856	2.283
Áhaldahús	963	1.200	200	0			1.163	1.200
Samtals rekstur málaflokka	145.351	39.441	35.705	21.250	39.878	0	220.934	60.691
Fjármagnsliðir								
Vextir	3.146						3.146	
Raunvextir samtals	3.146						3.146	
Samtals	148.497	174.788	35.705	21.250	39.878	0	224.080	196.038
Mismunur	26.291			14.455		39.878		28.042
	174.788	174.788	35.705	35.705	39.878	39.878	224.080	224.080

ÁRSREIKNINGUR 2000

ÁRITUN SVEITARSTJÓRNAR OG SVEITARSTJÓRA

Sveitarstjórn Skaftárhrepps og sveitarstjóri staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Kirkjubæjarklaustri, í mars 2001.

Sveitarstjórn:

Arni Jón Elíasson
Jóna Sigurbjartsdóttir
Hilmar Gunnarsson
Ragnar Jónsson
Kjartan Magnússon
Hörður Davíðsson

Sveitarstjóri:

Ólafía Jakobsdóttir

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA OG SKOÐUNARMANNA

Til sveitarstjórnar
Skaftárhrepps.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarsjóðs Skaftárhrepps fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma fjármagnsyfirlit, rekstrar- og framkvæmdayfirlit, efnahagsreikning, yfirlit um raunbreytingu á peningalegri stöðu, lykiltölur og skýringar nr. 1 - 26. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri og framkvæmdum sveitarfélagsins á árinu 2000, efnahag þess 31. desember 2000 og raunbreytingu á peningalegri stöðu á árinu 2000 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Selfossi, 26. febrúar 2001.

Einar Sveinbjörnsson

KPMG Endurskoðun hf.

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn sveitarsjóðs Skaftárhrepps, höfum yfirfarið ársreikning sveitarsjóðsins fyrir árið 2000. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Kirkjubæjarklaustri, 26. febrúar 2001.

Ólafía Davíðsdóttir *Páll Eggertsson*

FJÁRMAGNSYFIRLIT ÁRSINS 2000

	Skýr.	Sveitar- sjóður	Félagslegar íbúðir	Samtals	Fjárhags- áætlun
SKATTTEKJUR		129.501.918	0	129.501.918	108.586.000
REKSTUR MÁLAFLOKKA:					
Almenn rekstrargjöld		130.935.144	417.877	131.353.021	123.195.000
Tekjur málaflokka		(32.621.159)	(1.201.102)	(33.822.261)	(34.782.000)
		98.313.985	(783.225)	97.530.760	88.413.000
Skatttekjur og rekstrartekjur að fráðregnum rekstri málaflokka		31.187.933	783.225	31.971.158	20.173.000
VEXTIR AF HREINU VELTUFÉ:					
Vextir af veltufjármunum	25	1.069.492	0	1.069.492	715.000
Vextir af skammtímaskuldum	25	(1.706.881)	0	(1.706.881)	(1.480.000)
Tekjur að fráðregnum rekstri og vöxtum af hreinu veltufé		30.550.544	783.225	31.333.769	19.408.000
GREIÐSLUBYRÐI LÁNA:					
Afborganir langtímaskulda		5.697.520	155.650	5.853.170	5.789.000
Vextir af langtímaskuldum	25	3.236.495	963.027	4.199.522	3.450.000
Afborganir langtímakrafna		(163.976)	0	(163.976)	(1.440.000)
Greiðslubyrði lána nettó		8.770.039	1.118.677	9.888.716	7.799.000
Óráðstafaðar tekjur (ráðstafað umfram tekjur) eftir greiðslur vegna lána		21.780.505	(335.452)	21.445.053	11.609.000
FJÁRFESTING:					
Gjaldfærð fjárfesting, nettó	22	9.056.604	(739.197)	8.317.407	10.070.000
Eignfærð fjárfesting, nettó	11	1.868.006	3.980.894	5.848.900	6.350.000
Fjárfesting samtals		10.924.610	3.241.697	14.166.307	16.420.000
Óráðstafaðar tekjur (ráðstöfun umfram tekjur ársins)		10.855.895	(3.577.149)	7.278.746	(4.811.000)
AÐRIR LIÐIR:					
Tekin langtímalán.....		5.000.000	5.590.454	10.590.454	9.050.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímaskulda		281.286	(236.799)	44.487	867.000
Breyting á næsta árs afborgun langtímakrafna		(126.146)	0	(126.146)	(1.402.000)
Keypt hlutabréf.....		(2.000.000)	0	(2.000.000)	(2.500.000)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	21	24.121	0	24.121	50.000
Félagslegar íbúðir, breyting		(2.207.641)	2.207.641	0	0
Samtals		971.620	7.561.296	8.532.916	6.065.000
HÆKKUN Á HREINU VELTUFÉ		11.827.515	3.984.147	15.811.662	1.254.000
BREYTING Á HREINU VELTUFÉ:					
Hreint veltufé í árslok		20.238.928	3.690.287	23.929.215	9.371.553
Hreint veltufé í ársbyrjun		8.411.413	(293.860)	8.117.553	8.117.553
Breyting á árinu		11.827.515	3.984.147	15.811.662	1.254.000

REKSTRAR- OG FRAMKVÆMDAYFIRLIT ÁRSINS 2000

Skýr.	REKSTUR		GJALDFÆRÐ FJARFESTING	
	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
SKATTTEKJUR:				
Útsvör.....		62.843.117		
Fasteignaskattar.....		16.284.913		
Jöfnunarsjóður.....		50.373.888		
Samtals		129.501.918		
MÁLAFLOKKAR:				
Yfirstjórn sveitarfélagsins.....	14.511.098	1.140.419	119.812	
Félagsþjónusta.....	12.429.932	3.521.736	1.542.509	1.046.515
Heilbrigðismál.....	456.606			
Fræðslumál.....	74.090.560	16.682.984	2.072.601	
Menningarmál.....	3.165.618	635.200	1.614.622	150.000
Æskulýðs- og íþróttamál.....	1.775.283	152.290	1.768.435	128.000
Brunamál og almannavarnir.....	1.060.935	925.931	287.695	220.000
Hreinlætismál.....	6.146.595	2.426.953	1.012.387	
Skipulags- og byggingamál.....	1.914.183	744.395	1.099.288	
Götur, holræsi og umferðarmál	2.349.529	467.356	2.364.776	
Almenningsgarðar og útivist	797.169			
Atvinnumál.....	6.458.705	2.730.405	162.006	2.000.000
Önnur mál.....	1.476.979			
Rekstur fasteigna.....	3.200.794	2.126.174	556.988	
Áhaldahús	1.101.158	1.067.316		
Samtals	130.935.144	32.621.159	12.601.119	3.544.515
EIGIN STOFNANIR:				
Félagslegar íbúðir	417.877	1.201.102		739.197
(FJÁRMUNATEKJUR)/FJÁRMAGNSGJÖLD:				
Fjármagnsliðir samkvæmt fjármagnsyfirliti.....	4.836.911			
Áfallnar verðbætur og gengismunur.....	3.098.763			
Reiknuð áhrif verðlagsbreytinga	3 (1.943.689)			
Samtals 25	5.991.985			
SAMTALS	137.345.006	163.324.179	12.601.119	4.283.712
MISMUNUR	25.979.173			8.317.407
	163.324.179	163.324.179	12.601.119	12.601.119

EIGNFÆRÐ FJARFESTING		SAMTALS		FJARHAGSAÆTLUN	
Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
			62.843.117		56.160.000
			16.284.913		13.450.000
			50.373.888		38.976.000
			129.501.918		108.586.000
		14.630.910	1.140.419	13.856.000	1.100.000
		13.972.441	4.568.251	12.810.000	4.504.000
		456.606		310.000	
		76.163.161	16.682.984	71.769.000	17.358.000
		4.780.240	785.200	4.350.000	1.150.000
		3.543.718	280.290	4.429.000	610.000
550.000		1.898.630	1.145.931	2.095.000	1.140.000
440.000		7.598.982	2.426.953	5.820.000	1.870.000
		3.013.471	744.395	3.802.000	1.400.000
		4.714.305	467.356	3.910.000	1.190.000
		797.169		750.000	
